

20. maí 1988

91

Nr. 47

LÖG

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

3. gr.

1. másl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1988.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Á. Mathiesen.